



# REKSTRARLEYFI

*Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðangreinds.*

Leyfishafi: Arnarlax ehf.  
Starfsstöð: Fossfjörður, Arnarfirði  
Kennitala: 580310-0600  
Aðsetur: Strandgötu 1  
              465 Bíldudalur  
Rekstrarleyfisnúmer: FE-1204  
Leyfið gildir til: 19.10.2038

Starfsemi:

AE 1 – Lax / Salmo Salar

Í gildi frá:

19.10.2022

Kynslóðaskipt sjókvíaeldi. Hámarks lífmassi er 1.500 tonn. Frjór laxastofn: StofnFiskur. Eldissvæði: Fossfjörður.

Svæði

Punktar

Fossfjörður      1: 65° 38.100'N 23° 32.827'W, 2: 65° 37.957'N 23° 32.282'W  
                      3: 65° 37.577'N 23° 32.722'W, 4: 65° 37.153'N 23° 32.633'W  
                      5: 65° 37.107'N 23° 33.283'W, 6: 65° 37.617'N 23° 33.362'W

*Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar.*

*Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna stroks sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem hefur ástæðu til að ætla að hann hafi misst eldisfisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slikan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga.*

*Rekstrarleyfishafi ber skyldu til að halda skrá yfir uppruna eldislaxa, sem byggir á gangagrunni um erfðaefni hjá framleiðanda hrogsna.*

*Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og eldissvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.*

*Gildistaka rekstrarleyfis er háð úttekt Matvælastofnunar. Gildistaka rekstrarleyfis sjókvíaeldis er háð því skilyrði að rekstrarleyfishafi skili inn stöðvarskírteini útgefnu af faggilti skoðunarstofu fyrir hverja einstaka starfsstöð áður en rekstur hefst.*

*Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 462/2021 (sem innleiðir reglugerð ESB nr. 2016/429) um smitandi dýrasjúkdóma, með síðari breytingum og ber rekstrarleyfishafa uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.*

*Rekstrarleyfið er háð skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laganna, sem og þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum og reglugerðum.*

Vigdís Sigurðardóttir

*Vigdís Sigurðardóttir, fagssviðsstjóri fiskeldisdeildar*

